

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum
vegna danshöfunda hjá Þjóðleikhúsi
hins vegar**

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt verkáætlun og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 24. apríl 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 18. apríl 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

Halldóra Tringánsdóttir
Stefanía S. Björnsdóttir

f.h. Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og
kvikmyndum, vegna danshöfunda hjá
Þjóðleikhúsi, með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Bruna Falla
Hvaðguddur Þóroddsdóttir

**Verkátun
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félags íslenskra listamann í sviðslistum og kvikmyndum
vegna danshöfunda hjá Þjóðleikhúsi
hins vegar
18. apríl 2023**

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / skoðun hjá hópum sem hvorki hafa fylgiskjal 1 né bókun þar um og framlenging á bókunum þar sem það á við.	Vinna þegar hafin	30. nóvember 2023
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda.

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaganna liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

1	503.891
2	519.007
3	534.578
4	550.615
5	567.134
6	584.148
7	601.672
8	619.722

10

139